

Ritdómur

When God Was a Bird:

Christianity, Animism, and the Re-Enchantment of the World,

eftir Mark I. Wallace, New York: Fordham University Press 2019, 211 bls.

Mark I. Wallace er áhugaverður, bandarískur guðfræðingur sem undirrituð hefur fylgst með um nokkra hríð. Það sem er áhugavert við skrif hans er hvernig hann teflir saman nýjustu þekkingu í vistfræði annars vegar og umræðu um nauðsyn þess að endurskoða klassískar guðsmyndir hins vegar. Slík umræða hófst þegar í bók hans frá 2005 *Finding God in the Singing River: Christianity, Spirit, Nature*, en þar voru stef um óhefðbundnar guðsmyndir í heiðni og kristni reifuð og sjónum beint að hinum „græna“ Guði, hinum græna anda eða einfaldlega hinni grænu, kristnu trú þar sem náttúran fær mun meira vægi en vanalegt er. Bók þessi var notuð í kennslu í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands skömmu eftir útkomu hennar og vakti hún áhuga margra nemenda, samtímis því sem segja má að margir hafi ekki verið hrifnir!

Fimm árum síðar, eða 2010, kom svo bókina *Green Christianity: Five Ways to a Sustainable Future* en þá bók sagði höfundur vera æfingu í jarðarmiðaðri líkamselskandi kristinni trú! Fyrsti kafli bókarinnar *Green Christianity* snerist um kristinn animisma (e. *animism*) eða þá túlkun að allt í heiminum og náttúrunni sé gætt anda, líkt og finna má meðal fjölmargra frumbyggjaþjóða. Hugtakið „animismi“, sem hér er ekki reynt að þýða yfir á íslensku, er fræðilegt hugtak, sett fram af þeim sem ekki deila slíku viðhorfi, segir Wallace í upphafskafla bókarinnar (bls. 4). Nánar tiltekið rekur hann hugtakið til eins þekktasta mannfræðings níttjándu aldar, Edward Burnett Tylor (1832–1917), sem hafi notað það til að lýsa hvernig „frumstæðar“ þjóðir upplifðu lífið og tilveruna. Fleiri mannfræðingar fetuðu í fótspor Tylors og almennt má segja að kristin trú, gyðingdómur og íslam hafi lengst af verið taldar andstæður animisma.

Nýjasta bók Wallace um kristinn animisma er svo *When God Was a Bird: Christianity, Animism, and the Re-Enchantment of the World* (2021) en hlutar bókarinnar voru notaðir sem námsefni í nýafstöðnu námskeiði um umhverfissíðfræði og vistguðfræði við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild (haustið 2023). Bókin skiptist í fimm meginkafla, auk inngangs. Tónninn hjá Wallace er nú orðinn ákveðnari en í fyrri bókunum tveim og eitt af því sem honum er greinilega mikið í mun að áréttu er að animisma megi með góðum rökum tengja við kristna trú. Animismi er þannig ekki heiðið fyrirbæri, samkvæmt honum, heldur megi flokka kristni allt frá upphafi undir það hugtak. Þetta sýnir hann síðan með því að ritkýra fjölda rita og ritningarstaða Biblíunnar.

Í fyrsta kaflanum, *Song of the Wood Thrush*, fjallar Wallace um heilög dýr, heilaga staði og almennt hvernig litið hefur verið á heiminn og allt sem í honum er sem uppsprettu hins heilaga í kristninni. Animismi er, segir Wallace og vísar í mannfræðinginn Leslie Sponsel skoðun sinni til stuðnings, mun útbreiddari en búddismi, kristni, hindúismi, íslam og gyðingdómur. Heilagur andi, bendir hann á, sé allt í senn: loft, vatn, eldur og jörð, og vísar til frásagna um skírnina í guðspjöllunum því til stuðnings (bls. 30). Þá séu frásagnir Gamla testamentisins barmafullar af sögnum af heilögum dýrum og mikilvægu hlutverki þeirra í sköpunarverki Guðs, jafnt sem frelsunarverki. Í því samhengi vísar hann til túlkunar á gildi höggormsins í sögunum af Móse og Aron í Fjórðu Mósebók og segir að glögggt megi sjá samræmi milli hins vængjaða Guðs í Fyrstu Mósebók og guðsmyndar guðspjallanna, sé höggorms-sjamanismi Móse (e. *Mose's snake shamanism*) rétt túlkaður (bls. 38).

Í öðrum kaflanum, *The Delaware Riven Basin*, gagnrýnir höfundur skrif þekktra heimspekinga á fornum trúarlegum siðum og venjum og telur þau skrif hafa afvegaleitt fólk. Einkum er honum uppsigað við franska fræðimanninn René Girard (1923–2015) og svokallaða „mimetic“ kenningu hans en með henni leitaðist Girard við að skýra mannlegt eðli, einkum átök og samkeppni. Gegn skrifum Girards teflir Wallace mun jákvæðari sýn á manneskjuna og ekki síst: mun jákvæðari sýn á samband manneskjunnar við hinn náttúrulega heim (bls. 75).

Í þriðja kaflanum, *Worshipping the Green God*, gagnrýnir Wallace hina „rangkristnu“ áherslu sem lengi hefur verið við lýði en þar á hann við myndina af hinum upphafna, fjarlæga Guði. Gallinn við þá guðsmynd sé að holdtekjustefið tapist og ekki nóg með það, heldur líka rétt tengsl manns og náttúru (bls. 86). Wallace ritskýrir fjölda ritningarstaða Nýja testamentisins þar sem Jesús og hinn náttúrulegi heimur mætast. Segja má að skyndilega lífni fjöldi frásagna Biblíunnar við og fyllist af dýrum hvers konar, fuglum og öðrum lífverum. Jesús á nefnilega ekki aðeins erindi við manninn, staðhæfir Wallace, heldur allan hinn skapaða heim. Allt sköpunarverkið þarfnast endurlausnar, ekki aðeins maðurinn. Í síðari hluta kaflans á Wallace í samræðum við nokkra af þekktustu guðfræðingum sögunnar, s.s. heilagan Ágústínus, Hildigard frá Bingen og fleiri guðfræðinga að fornu og nýju um guðfræði holdtekjunnar og guðfræði andans, sem hvort tveggja grundvallast á ritskýringu Biblíunnar.

Fjórði kaflinn, *Come Such Sequoia and Be Saved*, hverfist um kenningar Johns Muir (1838–1914) en hann var bandarískur hugsuður og aðgerðasinni sem átti þátt í að umbreyta og vernda landsvæði og víðerni í heimalandi sínu. Hann var að sönnu mjög gagnrýninn á kristna trú og taldi hana fara gegn upprunalegum tilgangi sínum, sem var að hans mati, að vernda sköpunarverkið í heild sinni. Þessu samsinnir Wallace og telur mikilvægt að halda þeim sjónarmiðum á loft.

Í fimmta og síðasta kafla bókarinnar, *On the Wings of a Dove*, leitast Wallace við að loka hringnum en skilur lesendur samt sem áður eftir með fjölda ósvaraðra spurninga. Það kann að vera með ráðum gert. Umræða um vistkerfisvána kemur inn í þennan lokakafla en fær ekki mikla umfjöllun. Tilfinningin er í öllu falli sú að ekki hafi náðst að klára þennan kafla!

Bók Wallace var lesefni í námskeiði um umhverfissiðfræði og vistguðfræði nýverið og var mikill áhugi fyrir henni — mun meiri en fyrir réttum tíu árum þegar önnur bók eftir Wallace var á leslistanum. Þetta er engin inngangsbók í guðfræði, svo mikið er víst. Bókin hefur marga fleti og gæti reynst öðrum en guðfræðingum nokkuð tyrfín lesning. Auðvitað er hægt að mæla með bókinni fyrir hvern sem er, en þó fyrst og fremst guðfræðimenntað fólk með sterkan grunn í trúfræði og ritskýringu ritningarinnar.